



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Björgunarsveitir á hálandinu 2008



Verkefnið styrktu:



Efnisyfirlit

Formáli	2
Undirbúningur.....	4
Skráning	3
Kynning,.....	5
Styrktar- og samstarfsaðilar	6
Niðurstöður	9
Samantekt.....	11



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

Formáli

Undanfarin ár hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg unnið öflugt starf í umferðarvörnum á Íslandi. Á árunum 1996 – 2005 hélt félagið úti umferðarfulltrúum, fyrst í nafni Slysavarnfélags Íslands og Umferðaráðs, en síðan í nafni Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Umferðarstofu. Hlutverk þeirra var m.a. annars að benda á það sem miður fór í umferðarmálum og umferðaröryggi og óska eftir útbótum, gera kannanir og fræða almenning. Í upphafi ársins 2005 var verkefnið endurskoðað og í framhaldi af því ákveðið að vera með umferðarfulltrúa á hálendinu. Mikil umferð er um hálendi Íslands en fáir hafa beitt sér markvisst í því að bæta umferðaröryggi þar. Fjöldi ferðamanna á hálendinu vakti áthygli umferðafulltrúanna og fannst þeim með ólíkindum hversu margir voru á vanbúnum bílum og almennt illa búnir til hálendisferða. Eftir að umferðarfulltrúar Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Umferðastofu höfðu unnið á hálendinu sumarið 2005 ákvað félagið að efla slysavarnir á hálendinu og virkja til þess björgunarsveitir. Sumarið 2006 lagði því Slysavarnafélagið Landsbjörg upp í nýtt verkefni undir heitinu *Björgunarsveitir á hálendinu*. Hálendinu var skipt upp í fjögur svæði þar sem starfað var í sjö vikur yfir sumartímann. Lagt var upp með að hver björgunarsveit væri viku í senn á hálendinu og sinnti einu svæði. Svæðin voru Sprengisandur, Kjölur, Fjallabak og svæðið norðan Vatnajökuls. Björgunarsveitir tóku vel við sér og var þátttaka í verkefninu mjög góð. Verkefnið gekk vel fyrir sig þetta sumar og almenn ánægja var með verkefnið meðal björgunarsveita, starfsmanna hálendisins og ferðamanna.



Skráning

Líkt og undanfarin ár var notast við skráningarmöppur sjá fylgiskjal 4. Í möppunum voru lög og siðareglur Slysavaranfélagsins Landsbjargar, búnaðarlisti fyrir björgunarsveitabíla, handbækur um aðgerðamál, ýmsar upplýsingar um leit að týndu fólki, sérbúin símaskrá fyrir verkefnið, listi yfir bifreiðaverkstæði og dráttarþjónustur í helstu þéttbýlisstöðum kringum hálendið, kort af endurvörpum VHF kerfisins, listi yfir starfsmenn á hálendinu. Ásamt eyðublöðum fyrir verkefni sem unnin voru. Þátttökusveitum var uppálagt að fylla eyðublöðin vel og skilmerkilega út. Um fjögur eyðublöð var að ræða. Í fyrsta lagi skráningarblað fyrir hvern hóp, í öðru lagi dagbókarform þar sem skráð var hvert var farið og hvað var gert auk ekinna kílómetra, í þriðja lagi eyðublað fyrir aðstoðabeiðnir þar sem skráning fyrir hverja beiðni um aðstoð sem sveitunum barst og í fjórða lagi var aðgerðaloggur fyrir stærri aðgerðir. Að auki var í möppunni svokölluð tjónaundirskrift þar sem sá sem fékk aðstoð hjá björgunarsveit skrifaði undir það að hann tæki á sig allt mögulegt tjón á bifreið sinni sem gæti orðið við björgunarstörf. Voru þessi blöð útbúin á íslensku, ensku, frönsku, þýsku og spænsku.



Kynning

Kynning var skipulögð svipað og undanfarin ár. Gefin var út bæklingur á ensku um verkefnið og undirbúning fyrir hálendisferðir ætlaður erlendum ferðamönnum. Hann var með sama sniði og áður og fór í dreifngu á bílaleigum ásamt því að þátttökusveitir dreifðu bæklingum meðal ferðamanna á hálendinu. Á undirbúningstímabilinu var reynt að halda erindi fyrir landverði og skálaverði sem starfandi voru á hálendinu yfir sumartímann og einnig voru teknir saman punktar um verkefnið og dreift til þessara aðila.


Styrktar- og samstarfsaðilar

Í ár styrktu N1, Vodafone og Íslenska gámafélagið verkefnið og þakkar félagið fyrir þeirra stuðning. Félagið hefði þó viljað sjá fleiri koma að því en söfnun styrktaraðila gekk dræmt. Vodafone sá einnig um að nettenging væri í gámunum að frátöldum Landmannalaugum, þar sem að ekki var búið að setja upp senda sem náðu inn á svæðið og einnig buðu þeir ferðamönnum upp á þá þjónustu að geta hringt sér að kostnaðarlausu úr gsm-símum sem komið var fyrir í gámunum. N1 lánaði verkfæri og rafstöðvar í gámana.



Þátttaka 2008

Alls tóku 20 björgunarsveitir þátt í verkefninu sumarið 2008. Flestar sveitirnar voru eina viku í verkefninu. Sumar sveitir völdu að taka að sér fleiri en eina viku. Sjá fylgiskjal 1. Alls tóku 133 einstaklingar þátt í verkefninu í sumar, mynd 1, samanborið við 113 einstaklinga sumarið 2007. Nokkuð var um að sömu einstaklingarnir væru alla vikuna fyrir hönd sinnar sveitar og er það ekki spurning að það eykur gæði starfsins.




Mynd 1. Fjöldi einstaklinga sem tók þátt í verkefninu eftir svæðunum Kjalvegur, Fjallabak Sprengisandur og norðan Vatnajökuls.

Gríðarlega margar vinnustundir liggja að baki verkefni sem þessu. Undirbúningur er mikill hjá skrifstofu félagsins, námskeið sem haldið var tók fjórar stundir og var það haldið á fjórum stöðum á landinu, umsjónarmenn félagsins fóru upp á hálendið til að hitta sveitir og fylgja verkefninu eftir bæði til að koma verkefninu af stað og einnig í lok verkefnisins. Ef reiknaðar eru út vinnustundir miðað við þann fjölda sem tók þátt þá liggja 15.342 klst að baki þessara 6 vikna. Í þeim tölum er þó bara tekið vinnuframlag þeirra sem voru á hálendinu. Ef að ætti að standa kostnað að fæði og uppihaldi þessara 133 einstaklinga þá væri sá kostnaður 9.700.200 kr. miðað við tölur RSK.

Eknir kílómetrar


Samtals óku björgunarsveitir 52.471. km í verkefninu þessar sex vikur sem það stóð yfir, misjafnt var þó hve marga bíla björgunarsveitir voru með hverju sinni og einhverjar sveitir notuðust við fjórhjól. *Ekna kílómetra má sjá á mynd 2.* Fjöldi bíla sem tóku þátt í verkefninu voru 40. Fyrir hverja viku sem björgunarsveitir voru uppi á hálendinu fengu þær kr. 100.000 inneign hjá N1, sem hugsaður var sem olústyrkur. Inni í þessum tölum eru ekki taldir þeir kílómetrar sem farnir voru af þeim björgunarsveitum sem sáu um að flytja gámana upp á hálendið og koma þeim til byggða í lok verkefnisins. Kostnaður við þetta er 6.732.029 kr samkvæmt gjaldskrá Ríkisskattstjóra og er þá miðað við að kílómetrinn kosti 128,3 kr.




Mynd 2. Eknir kílómetrar eftir svæðum

Aðstoðarbeiðnir


Skráðar aðstoðarbeiðnir voru 349, *sjá mynd 3 skipting milli svæða*, en töluvert vantar enn upp á að sveitir skrái hjá sér aðstoðarbeiðnir. Þetta var reyndar misjafn eftir sveitum og margar sveitir sem voru með mjög góðar skráningar sem er mjög jákvætt. Helst vantar að leiðbeiningar og upplýsingar til ferðamanna séu skráðar, en þannig forvarnir teljum við að komi í veg fyrir óhöpp sem annars gætu orðin vegna vanþekkingar á aðstæðum. Miðað við skráningu fyrri ára hefur þó verið töluverð fjölgun verkefna og aðstoðarbeiðna, hvort sem það er bætt skráning eða fjölgun ferðamanna. *Aðstoðarbeiðnir milli ára sjá mynd 4.*



Mynd 3. Fjöldi aðstoðarbeiðna milli svæða



Mynd 4. Aðstoðarbeiðnir milli ára



Mynd 5. Svæðaskipting aðstoðabeiðna

Niðurstöður

Sveitir fóru um fyrirfram ákveðin svæði sem þær höfðu tekið að sér samkvæmt plani sem sett var upp. Á þann hátt voru þær mjög vel upplýstar um sitt svæði og gátu miðlað til ferðamanna og skálavarða hvernig ástandi hversrar leiðar var háttað. Jafnframt er þetta mjög góður lærdómur fyrir þá einstaklinga sem taka þátt í verkefninu á þann hátt að þeir kynnast landinu og staðháttum vel og eru betur undirbúnir ef síðar kemur til leitar eða aðgerða á viðkomandi svæði.



Verkefni sveita voru mjög fjölbreytt eins og búast má við og aðstoðarbeiðnir margvíslegar. Eitt af því sem björgunarsveitir vanmeta hvað mest eru leiðbeiningar og fræðsla við ferðamenn. Björgunarsveitir eru lítið eða ekki neitt að skrá það og þegar þær eru inntar eftir því telja flestar sveitir að þær hafi veitt leiðbeiningar og fræðslu til að minnsta kosti 20 til 40 ferðamanna í hverri viku. Það er ekki spurning að þessar upplýsingar koma í veg fyrir mörg slysin. Þarna eru sveitir að gefa upplýsingar um aðstæður, færð, veður og útbúnað. Sveitir eru oft að snúa ferðamönnum við og á það jafnt við gangandi og akandi ferðamenn sem eru vanbúnir til þeirrar ferðar sem þeir ætla að leggja upp í.



Fyrir utan fræðslu og leiðbeiningar voru helstu verkefni að veita slösudum og veikum fyrstu hjálp, draga upp bíla, eftirgrennslan eftir fólki, gera við dekk, draga bíla uppúr ám, leiðbeina með akstur yfir ár, ferja gangandi vegfarendur yfir ár, viðgerðir á bílum, sinna útköllum sem berast frá Neyðarlínunni, afskipti af utanvegaakstri og aðstoð með eldsneyti á bíla. Í fyrstu vikunni var sérstaklega mikið um það að björgunarsveitir þyrftu að fjarlægja stór grjót af slóðum, setja upp stikur sem voru fallnar niður, laga skilti og raða upp steinum þar sem greinilegt var að menn höfðu verið að aka utan slóða.

Í fyrirspurnum til skálavarða kom á öllum stöðum fram að þeim fannst mikið öryggi fólgið í því að hafa björgunarsveitirnar í þessu verkefni yfir sumarið og vildu mjög gjarnan hafa þær lengur fram eftir sumrinu. Jafnframt var ánægjulegt að björgunarsveitir gátu oft á tíðum liðsinnt skálavörðum með hin ýmsu verkefni sem féllu til hjá þeim eins og viðgerðir á tækjum, vatnslögnum og klósettum.



Samantekt

Segja má að verkefnið hafi gengið vel í sumar og á margan hátt betur en sumarið þar á undan. Þegar sest er niður og verkefnið rýnt þá koma oft fyrst upp þau atriði sem menn sjá að hægt sé að gera betur.

Lítið var um alvarleg slys og óhöpp á hálendinu í sumar sem er mjög ánægjulegt og hefur aukin fræðsla til ferðamanna og gott veður eflaust mikið að segja. Það er þó tilfinning manna að fleiri ferðamenn séu að sækja upp á hálendið en áður hefur verið og verkefni sem þetta því gríðarlega mikilvægt.

Tæknin hafði minni áhrif á verkefnið nú í sumar en sumarið þar á undan og skiptir Tetravæðing þar öllu. Flestar sveitir voru sjálfum sér nægar með sinn fjarskiptabúnað og félagið þurfti ekki að setja peninga í búnað sem oft á tíðum laskaðist og virkaði ekki nægjanlega vel. Einnig unnu Neyðarlínan og Vodafone ötullega að því að fjölga sendum og bæta þannig bæði síma og tetra útbreiðslu

Sú nýlunda var í sumar að sveitir höfðu fasta viðveru í gámnum þannig að ferðamenn gátu leitað þangað ef vantaði upplýsingar eða aðstoð. Þetta gerir verkefnið töluvert yfirgríps meira og þrátt fyrir að sveitir séu út á örkinni allan daginn var hægt að ná í þá á ákveðnum stað og margir ferðamenn sem að það nýttu.

Námskeiðið sem keyrt var fyrir björgunarsveitir sem tóku þátt í verkefninu skilaði því að verkefnið varð faglegra unnið. Meiri metnaður var lagður í það hjá sveitum, sveitir vissu betur til hvers var ætlast af þeim og hvernig þær áttu að standa að sinni vinnu og skipulagningu. Lagt var upp með að minnsta kosti einn úr þeim sveitum sem ætlaði að taka þátt mætti á námskeiðið.

Alltaf má gera betur og bæta sig og er það markmið okkar sem að verkefninu komum. Horfa gagnrýnum augum á það sem gott var og það sem hægt er að bæta og ná þannig að bæta og gera verkefnið sterkara með hverju sumrinu sem líður.

Félagið þakkar öllum þeim sem komu að verkefninu fyrir þátttökuna og öllum þeim sem aðstoðuðu við verkefnið á einhvern hátt fyrir sitt framlag.

Verkefnisstjórar verkefnisins „Björgunarsveitir á hálendinu“

Sæunn Ósk Kjartansdóttir

Ingólfur Haraldsson

Fylgiskjal 1

Björgunarsveitir

Björgunarsveitin Strákar Siglufirði	27. 06 - 4.07	Kjalvegur
Björgunarfélag Árborgar	27. 06 - 4.07	Fjallabak
Björgunarsveitin Kyndill Mosfellsbæ	27. 06 - 4.07	Fjallabak/Sprengisandur
Flugbjörgunarsveitin Varmahlíð	27. 06 - 4.07	Norðan Vatnajökuls
Hjálparsveit skáta Garðabæ		Fjallabak, Sprengisandur
Björgunarsveitin Húnar Hvammstanga	4.07 - 11.07	Fjallabak
Björgunarsveitin Björg Eyrarbakka	4.07 - 11.07	Sprengisandur
Hjálparsveitin Dalbjörg Eyjafjarðarsveit	4.07 - 11.07	Sprengisandur, Norðan Vatnajökuls
Hjálparsveit skáta Kópavogi	11.07 - 18.07	Kjalvegur
Björgunarsveit Hafnarfjarðar	11.07 - 18.07	Fjallabak
Björgunarsveitin Ársæll	2. vikur	Fjallabak, Sprengisandur
Björgunarfélag Vestmannaeyja	11.07 - 18.07	Norðan Vatnajökuls
Björgunarfélag Akraness	18.07 - 25.07	Kjalvegur
Björgunarsveitin Gerpir	18.07 - 25.07	Sprengisandur
Björgunarsveitin Vopni Vopnafirði	18.07 - 25.07	Norðan Vatnajökuls
Björgunarsveitin Brák Borgarnesi	25.07 - 1.08	Kjalvegur
Hjálparsveit skáta Reykjavík	3.vikur	Sprengisandur, Norðan Vatnajökuls
Björgunarsveitin Kjölur Kjalarnesi	1.08 - 10.08	Kjalvegur
Björgunarsveit Suðurnesja	1.08 - 10.08	Fjallabak
Björgunarsveitin Hérað	18.07 - 25.07	Norðan Vatnajökuls
Kvennadeildin Dagbjörg Reykjanesbæ		Með björgunarsveit Suðurnesja
Slysavarnadeildin Varðan		Með Björgunarsveitinni Ársæli
Slysavarnadeildkvenna Reykjavík		Með Björgunarsveitinni Ársæli

Fylgiskjal 2.

Búnaður í gámum

	Í lagi	Athugasemdir
Sími/hleðslutæki		
Tetrastöð		
Tölva /hleðslutæki		
Ruslapokar		
Sjúkrabúnaður		
Fánar/fánastangir		
Startkaplar		
Topplyklasett		
Bensín á rafstöð		
Skynjarar reyk og súrefnis		
Skrúfjárn		
Tappasett		
Loftdæla,		
duck-tape, tape		
Hamar		
4 tangir		
Loftmælir		
Járnkall		
Rafstöð		
Kústur		
Fægiskófla		
Mottur		
2 beddar		
4 stólar		
Borð		
Tússtafla		
2 Fánastangir		
Myndavél		
Hálendisgæslubæklingar		
Styrktarnafnspjöld		
Bæklingar		
Slökkvitæki		
1 Koja		